

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. nóvember 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-25/2015

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa Z, á viðgerðarþjónustu af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu, þ.e. viðgerð seljanda á bifreið, en einkahlutafélagið Z. greiddi fyrir viðgerðina, skv. framlögðum reikningum sem fylgdu álitsbeiðni. Eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningurinn að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögnum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Kaupandi framangreindrar þjónustu er einkahlutafélag og falla því þess á þjónustu ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kæruneftndar lausafjár og þjónustukaupa með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kæruneftndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Fyrir mistök var álitsbeiðnin ekki afgreidd fyrir en raun varð og er beðist velvirðingar á því.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir